

## **Markmið með námsmati: (heimatilbúin útfærsla)**

Að mæla það hve miklum hluta markmiða um þekkingu, færni og hæfni nemendur hafa náð.

Að gefa kennurum færi á að meta hvort nemandi er hæfur til að halda áfram í námi í náms- eða starfsgreininni (öryggis- gæðavottun).

Að gefa nemendum upplýsingar um árangur og framvindu í náminu.

Að örva nemendur eða þvinga nemendur til að læra ákveðna hluti utanað eða til hlítar, þjálfra handbrögð og fl.

Að staðla mælikvarða um þekkingu, færni og hæfni þannig að hægt sé að spá fyrir um gengi í ákveðnum gerðum af námi.

Að koma til móts við fjölbreytilega eiginleika nemenda á mörgum greindarsviðum með því að nýta fjölbreyttar aðferðir í námsmati (m.a. fjölbreytilegar gerðir verkefna á skriflegum prófum).

## **Ýmis atriði varðandi námsmat:**

**Áreiðanleiki** merkir að við fáum sömu útkomu úr námsmati ef nemendur eru álíka langt komnir. Jafngóðir nemendur eiga að fá það sama út. Fylgni milli spurninga í prófi, fylgni milli útkomu í prófum á miðri önn og í lokin.

**Réttmæti** er það að við erum að mæla það sem við segjumst vera að mæla. Er ég að mæla raunverulega þekkingu, færni og hæfni í náttúrufræði eða almenna getu til að lesa og skrifa?

**Námsmat er alltaf takmarkað** af tíma kennara og nemenda, þeim leiðum sem færar eru, áhuga nemenda og kennara og viðhorfum kennara, nemenda og umhverfisins.

**Einkunnaskalar** verða aldrei eins/jafngildir í mismunandi greinum.

Einkunnin 5 getur þýtt að um það bil helmingi námsmarkmiða hafi verið náð.

Einkunnin 5 getur líka þýtt að kennarinn metur það þannig að nemandinn hafi rétt náð þeim markmiðum sem hægt er að sleppa einhverjum í gegn með. Nemandinn hafi náð þeim tókum á þekkingu, vinnubrögðum og öðru sem þarf til að öryggi eða þjónusta sé í lagi. Hér getur einkunnin 5 þýtt miklu meira en helmingur námsmarkmiða hugsanlega gæti þetta þýtt 80% námsmarkmiða.